

## Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2008 (07 Félagsmálaráðuneyti).

### Frá 2. minni hluta félags- og tryggingamálanefndar.

Nú standa yfir breytingar á verkaskiptingu innan stjórnarráðsins. Reyndar er margt óljóst vegna þeirra breytinga sem framundan eru og snerta verksvið félagsmálaráðuneytisins. Mikilvægt er að slíkar breytingar séu vel ígrundaðar og að hæfilegur tími sé til innleiðingar breytinganna. Því miður er það svo að lítil tími er til stefnu en 2. minni hluti vonast til að breytingarnar verði farsælar fyrir þá aðila sem þær snerta helst.

Það er áhyggjuefni að ekkert er áætlað að gera til að minnka biðlista fyrir fatlaða á höfuðborgarsvæðinu, aðra en geðfatlaðra, á næsta ári. Biðlistar eru eftir búsetuúrræðum og er þessi stefnumörkun í engu samræmi við fyrirheit félagsmálaráðherra um stóraukin fjárframlög til að bæta aðstæður og kjör fatlaðra.

Staðan á húsnæðismarkaðnum í dag er grafalvarleg, hvort sem litið er til leigu- eða eignarhúsnæðis. Margir þjóðfélagshópar, einkum ungt fólk, hafa mjög takmarkaða möguleika á að eignast þak yfir höfuðið í dag. Ljóst er að gríðarleg verðhækkun á lóðum, aukið aðgengi að lánsfjármagni frá árinu 2004 ásamt mikilli kaupmáttaraukningu á umliðnum árum hafa leitt til þessarar þróunar. Aðgerðir til að auðvelda fólki að eignast þak yfir höfuðuð eru mikilvægt samstarfsverkefni sem ríki og sveitarfélög þurfa að ráðast í. Ekkert er um það getið í fjárlagafrumvarpinu að ráðast eigi í marktækar aðgerðir á þessu sviði, en það þolir enga bið að stjórnvöld taki á þessum málum.

Það er staðreynd að mörg sveitarfélög í landinu búa við kröpp kjör. Sum eru það illa sett að þau eiga í miklum erfíðleikum með að standa undir lögbundinni þjónustu gagnvart íbúunum. Um leið skerðist samkeppnishæfni viðkomandi sveitarfélaga sem getur leitt til þess að fólk kjósi að búa annars staðar þar sem þjónustan er betri. Það verður ekki unað við þessar staðreyndir, þessu þarf að breyta. Sveitarstjórnarmenn hafa kallað eftir hlutdeild sveitarfélaganna í fjármagnstekjuskatti. Því miður er stefna ríkisstjórnarinnar óljós í þeim efnum. Félagsmálaráðherra og forystumenn í fjárlaganefnd Alþingis hafa að vissu leyti tekið undir með sveitarstjórnarmönnum í þeim efnum á meðan fjármálaráðherra lýsir yfir algjörri andstöðu við þær breytingar. Að sama skapi er ekkert að finna í fjárlagafrumvarpinu í þá átt að sveitarfélögin fái hlutdeild í fjármagnstekjuskattinum. Það þarf að rétta af fjárhag sveitarfélaganna í landinu en því miður bendir fátt til að raunverulegar úrbætur séu í nánd í þeim málaflokki.

Alþingi, 19. nóv. 2006.  
Birkir Jón Jónsson.